

1967

bankans um innlausn tékkans, en breyta ekki rétti handhafa tékkans á hendur útgefanda hans.

Að þessum sjónarmiðum athuguðum þykir verða að taka kröfu stefnanda til greina, enda sé hér um tékkamál að ræða, sem fari að reglum 17. kafla laga nr. 85/1936, þannig að viðskiptin á bak við tékkann komi hér ekki til skoðunar.

Vaxtakrafa stefnanda er lögum samkvæm og er tekin til greina. Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega metinn kr. 2.500.00.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Guðmundur Sigurðsson, greiði stefnanda, Jóni Steinari Gunnlaugssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 3.000.00 með 4.75% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 27. mars 1981 til 1. júní 1981, en með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar, kr. 2.500.00, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. nóvember 1983.

Nr. 49/1982. **Ragnheiður Stefánsdóttir**

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegmi

Bjarna Helgasyni

og gagnsök

(Örn Clausen hrl.).

Hjón. Búskipti við skilnað. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Markús Sigurbjörnsson, fulltrúi yfirborgarfégeta, kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. mars 1982. Krefst hún þess aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og búi málsaðilja verði skipt helmingaskiptum samkvæmt 2. mgr. 18. greinar laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna. Til vara krefst hún þess, að frá helmingaskiptum verði aðeins vikið aðaláfrýjanda í óhag eftir mati Hæstaréttar. Aðaláfrýjandi krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og skiptum á búi málsaðilja hagað „að hætti 57. gr. laga nr. 60/1972, þannig að hvor málsaðila haldi þeim hjúskapareignum, er hann færði í félagsbúið.“ Hann krefst og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

I.

Aðiljar máls þessa gengu í hjúskap 1. ágúst 1980. Áður höfðu þau búið í óvígðri sambúð frá 24. apríl á sama ári, er aðaláfrýjandi fluttist til gagnáfrýjanda í íbúð hans á Langholtsvegi 7 í Reykjavík. Við hjúskaparstofnunina átti gagnáfrýjandi síðastnefnda íbúð, tvær bifreiðar, allgamlar, aðra af Land-Rover gerð, en hina af gerðinni Citroën Ami, svo og innbú. Eignir aðaláfrýjanda voru auk nokkurs innbús veðskuldabréf að fjárhæð um 2 millj. gkr. (20.000.00 nýkr.) og gömul fólksbifreið af Volga gerð. Skuldir gagnáfrýjanda námu 250.000 — 300.000 gkr. samtals, eftir því sem ráðið verður af gögnum máls og málflutningi. Aðaláfrýjandi var skuldlaus.

Hinn 27. maí 1981 hvarf aðaláfrýjandi af heimili aðilja og tókst á hendur heimilisstörf annars staðar. Gagnáfrýjandi var þar ekki með í ráðum. Af hálfu aðaláfrýjanda hefur sú skýring verið gefin á þessari ráðabreytni, að hún hafi verið orðin þreytt á einveru, en gagnáfrýjandi er vélstjóri að atvinnu og var oft fjarvistum frá heimilinu.

Aðaláfrýjandi fluttist á ný á heimili aðilja einhvern tíma sumars 1981, en hvarf þaðan að fullu 15. október um haustið. Beiddist hún því næst skilnaðar að borði og sæng. Var skilnaðarkrafan tekin fyrir af yfirborgardómaranum í Reykjavík í nóvembermánuði, en leyfi

dóms- og kirkjumálaráðuneytis til skilnaðarins fengu aðiljar 2. febrúar 1982.

Samkomulag varð ekki með aðiljum um lífeyrisgreiðslur eða um skiptingu eigna. Kröfðust þau því opinberra skipta á búi sínu. Hófst búskiptin með uppskrift á eignum félagsbúsins hinn 21. desember 1981. Er þess hér sérstaklega að geta, að við uppskrift og virðingu innbús var innanstokksmununum skipt í þrjá flokka: Muni, sem gagnáfrýjandi hafði fært í búið, muni, sem aðaláfrýjandi hafði átt fyrir hjúskaparstofnun, og muni, sem keyptir höfðu verið, meðan á hjúskap stóð.

Við uppskriftargerðina reyndust eignir og skuldir búsins þessar:

A. Eignir:

1. Íbúð að Langholtsvegi 7 ásamt bifreiðageymslu og lóðarréttindum, virt af fasteignamati á	235.200.00 kr.
2. Óskráð bifreið af Land-Rover gerð, sú sem áður var getið, virt á	5.000.00 kr.
3. Innanstokksmunir skv. virðingu:	
a) Munir, sem gagnáfrýjandi hafði átt, alls	37.110.00 kr.
b) Munir, sem aðaláfrýjandi hafði átt	1.390.00 kr.
c) Munir, sem aflað var í hjúskapnum	13.210.00 kr.
	51.710.00 kr.
	Alls 291.910.00 kr.

B. Skuldir:

1. Veðskuld við Búnaðarbanka, eftirst. 1/1 1981	340.31 kr.
2. Skuld við sama eftirst. 1/1 1981	2.266.29 kr.
	Alls 2.606.60 kr.

Auk framangreindra eigna áttu aðiljar við uppskriftina fólksbifreiðina R 62843 af Fiat gerð, er þau keyptu, meðan á hjúskap stóð, fyrir 27.000.00 krónur að sögn gagnáfrýjanda. Vörðu þau til þeirra kaupa meðal annars söluandvirði Citroën bifreiðar gagnáfrýjanda og Volga bifreiðar aðaláfrýjanda, en þær voru seldar eftir stofnun hjúskapar, að því er helst verður séð á svipuðu verði, um 3.500.00

krónur hvor. Varð um það samkomulag með aðiljum við uppskriftina, að bifreiðin R 62843 yrði skrifuð upp, en ekki virt sérstaklega, heldur skyldi verð hennar sannreynt með sölu og það skiptast að jöfnu milli þeirra. Fékk aðaláfrýjandi hana til varðveislu. Hefur hún síðar selt bifreið þessa fyrir 15.000.00 krónur. Var því lýst yfir af hendi gagnáfrýjanda við flutning málsins fyrir Hæstarétti, að hann afsalaði sér tilkalli til síns hluta söluverðsins.

Um skiptingu innanstokkmuna, er aðiljar keyptu eftir hjúskaparstofnun (sbr. lið A, 3 c hér að framan) varð og samkomulag fyrir skiptaréttinum. Tekur ágreiningur aðilja því ekki til þeirra muna sértaklega.

Skuldabréf það, sem aðaláfrýjandi átti við hjúskaparstofnunina og áður var frá greint, var selt fyrir 10.000.00 krónur, meðan hjúskapur stóð. Rann lítill hluti af andvirði þess til greiðslus kuldar vegna kaupa á innanstokksmunum. Afganginn telur gagnáfrýjandi, að aðaláfrýjandi hafi enn átt, er hún hvarf af heimilinu 27. maí 1981, en aðaláfrýjandi segir hann hafa skipst jafnt á milli aðilja.

Nokkrir þeirra innanstokksmuna, er aðaláfrýjandi átti við hjúskaparstofnun, voru seldir á sambúðartímanum fyrir 1.500.00 krónur. Rann það fé til sameiginlegra þarfa.

Um tekjur aðilja á sambúðartímanum er það komið fram í málinu, að launatekjur gagnáfrýjanda námu á öllu árinu 1980 samtals 9.469.539 gkr., en frá ársbyrjun 1981 til sambúðarslita 15. október það ár voru tekjur hans alls 82.692.00 nýkr. Samtals námu tekjurnar því 177.387.39 krónum bæði árin, ef reiknað er í nýkrónum. Launatekjur aðaláfrýjanda námu samkvæmt gögnum málsins alls 1.988.898 gkr. á öllu árinu 1980, en 28.923.00 nýkr. nettó frá ársbyrjun 1981 til sambúðarslita. Svarar það til 48.811.98 nýkr. alls bæði árin.

Samkvæmt gögnum, er lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, er fasteignamat íbúðarinnar á Langholtsvegi 7 ásamt bifreiðageymslu og lóðarréttindum nú alls 631.000.00 krónur, en brunabótamat eignanna 1.269.600.00 krónur.

II.

Ágreiningur málsaðilja er um það, hvernig skipta skuli þeim eignum, sem í búi þeirra voru, er það var tekið til skipta. Aðaláfrýjandi krefst þess, svo sem fyrr var greint, að eignir og skuldir skiptist

að jöfnu milli aðilja eftir ákvæðum 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923. Gagnáfrýjandi krefst þess á hinn bóginn, að skiptin fari eftir fyrir-mælum 57. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 60/1972. Haldi hvort hjónanna um sig þeim hjúskapareignum, er það færði í félagsbúið. Um þær eignir, sem aflað var á sambúðartímanum, þ. e. andvirði Fiat bif-reiðarinnar og húsgögn, er keypt voru, er ekki ágreiningur.

Aðaláfrýjandi færir fram þau rök fyrir kröfum sínum, að í hjúskapnum hafi stofnast allmikil fjárhagsleg samstaða með aðiljum. Að vísu stafi verulegur hluti eigna frá gagnáfrýjanda. Aðiljar hafi þó selt sumt af hjúskapareignum sínum og andvirði þeirra runnið í búið. Sjálf hafi aðaláfrýjandi lagt fram vinnu sem húsmóðir á heimilinu, þótt hún hafi ekki aflað jafnmikilla peningatekna með vinnu sinni utan heimilis og gagnáfrýjandi. Þegar til þessa sé litið, geti helmingaskipti ekki talist bersýnilega ósanngjörn. Sé því ekki fullnægt þeim skilyrðum, sem nefnd 57. grein setji fyrir því, að vik-ið verði frá helmingaskiptum á búinu eftir 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923.

Gagnáfrýjandi bendir einkum á það kröfum sínum til stuðnings, að hjónaband aðilja hafi aðeins staðið í rúmt ár. Aðaláfrýjandi hafi yfirgefið heimilið án vitundar og vilja gagnáfrýjanda og hún síðan hafist handa um að krefjast skilnaðar. Gagnáfrýjandi hafi komið með meginhluta eignanna í búið, þar á meðal nánast skuldlausu íbúð. Ekki hafi myndast teljandi fjárhagsleg samstaða með aðiljum í hjúskap þeirra. Sé því bersýnilega ósanngjarnt, að búinu verði skipt eftir helmingaskiptareglu 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923, heldur séu fyrir hendi öll skilyrði þess, að búinu beri að skipta ó-jöfnum skiptum samkvæmt 57. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 60/1972.

III.

Svo sem greint hefur verið, var hjónaband aðilja mjög skamm-vinnt. Við hjúskaparstofnunina færði gagnáfrýjandi í búið lang-verðmætustu eign þess, íbúðina á Langholtsvegi 7. Á sambúðartím-anum aflaði gagnáfrýjandi miklu meiri tekna heldur en aðaláfrýj-andi. Þar á móti kemur að nokkru vinnuframlag aðaláfrýjanda á heimili aðilja. Í því efni er þess þó að gæta, að hjónin voru barnlaus og gagnáfrýjandi oft fjarvistum frá heimilinu vegna vinnu sinnar og heimilishald því í léttara lagi. Ekki er ástæða til að ætla, að verð-

mæti þau, sem aðiljar eignuðust eftir stofnun hjúskaparins, hafi fremur verið keypt fyrir aflafé aðaláfrýjanda eða andvirði hjúskapareigna hennar en gagnáfrýjanda. Og hvað sem því líður voru eigur búsins við hjúskaparslitin að langmestu leyti eignir, sem aðiljar fluttu í búið við hjúskaparstofnunina, og þá einkanlega gagnáfrýjandi. Verður ekki séð, að í hinum skammvinna hjúskap hafi myndast veruleg fjárhagsleg samstaða með aðiljum. Þegar allt þetta er virt, verður að telja bersýnilega ósanngjarnt, ef búi aðilja yrði skipt eftir helmingaskiptareglu 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923, svo sem aðaláfrýjandi krefst í aðalkröfu sinni. Verður því fallist á það með gagnáfrýjanda, að um búskipti skuli fara eftir ákvæðum 57. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 60/1972.

Við búskiptin verður til þess að líta, að skuldabréf það, sem aðaláfrýjandi átti við upphaf hjúskapar, var selt, meðan á hjúskap stóð. Er ósannað, að andvirði þess hafi runnið til aðaláfrýjanda sérstaklega. Sama máli gegnir um andvirði þeirra innanstokkmuna úr hjúskapareign aðaláfrýjanda, sem seldir voru. Þegar þessa er gætt og litið til allra atvika, þykir rétt, að skiptum á búi aðilja verði hagað með þeim hætti, að fyrst taki gagnáfrýjandi $\frac{3}{4}$ af verðmæti þeirra eigna, sem hann flutti í búið sem hjúskapareign sína og enn eru til í búinu, að frádregnum skuldum, sem hann hafði stofnað til fyrir upphaf hjúskapar, þeim er ekki hafa enn verið goldnar. Afgangur eigna í búinu, þær sem ágreiningur aðilja tekur til, skiptist síðan að jöfnu milli aðilja í samræmi við fyrirmæli 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Búi aðaláfrýjanda, Ragnheiðar Stefánsdóttur, og gagnáfrýjanda, Bjarna Helgasonar, skal skipta þannig, að gagnáfrýjandi taki fyrst $\frac{3}{4}$ hluta af verðmæti þeirra skíru eigna, sem hann flutti í búið sem hjúskapareign sína og enn eru til í búinu, en síðan skiptist eignir búsins að jöfnu á milli aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Halldórs Þorbjörnssonar og
Sigurgeirs Jónssonar.**

Aðalregla íslensks réttar um fjármál hjóna, er til skilnaðar eða slita á fjárfélagi kemur, er í 2. mgr. 18. gr. laga um réttindi og skyldur hjóna nr. 20/1923, sbr. ákvæði VII. kafla, einkum 49. gr sömu laga. Í VI. kafla laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar eru nokkur ný ákvæði, er lúta að fjárskiptum vegna skilnaðar o. fl. Í 57. gr. laga þessara er heimild til þess að víkja frá aðalreglu laga nr. 20/1923 um helmingaskipti, ef krafist er, og helmingaskipti eru bersýnilega ósanngjörn, einkum vegna þess að hjúskapur hefur staðið skamma stund og hefur ekki leitt til verulegrar fjárhagslegrar samstöðu.

Við teljum, að öllum framangreindum skilyrðum þurfi að vera fullnægt, til þess að til álita komi að víkja frá aðalreglum laga nr. 20/1923. Undantekningarreglan í 57. gr. laga nr. 60/1972 sé fyrst og fremst sett til þess að tryggja hagsmuni fólks, sem annars yrði fyrir barðinu á þeim, sem leituðu ráðahags sér til fjárhagslegs ávinnings og þá oftast um stundarsakir. Ekkert hefur komið fram í máli þessu, sem bendir til þess, að fjárhagsleg sjónarmið hafi ráðið afstöðu aðaláfrýjanda til hjónabandsstofnunar.

Hjónaband aðilja máls þessa stóð að vísu frekar skamma stund, en meðferð hjónanna á lausafjármunum og veðskuldabréfi, sem greinir í atkvæði meiri hluta dómenda, rennir ekki stoðum undir þá röksemd, að hjúskapur hafi ekki leitt til verulegrar fjárhagslegrar samstöðu

Við teljum, að sýna beri mikla varúð við notkun ákvæðis 57. gr. laga nr. 60/1972 í stað aðalreglu 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923 og að þeim, sem kröfu gerir um beitingu undantekningarreglunnar, beri að sanna, að skilyrði til þess séu fyrir hendi. Hafi gagnáfrýjandi eigi sannað, að hjónaband hans og aðaláfrýjanda hafi ekki leitt til verulegrar fjárhagslegrar samstöðu. Beri því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og ákveða, að um skipti skuli fara eftir ákvæðum 2. mgr. 18. gr., sbr. VII. kafla laga nr. 20/1923.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ætti að dæma gagnáfrýjanda til þess að greiða aðaláfrýjanda 15.000.00 krónur í málskostnað í hér-
aði og fyrir Hæstarétti.

1974

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 2. febrúar 1982.

Hafnað er kröfu sóknaraðilja, Bjarna Helgasonar, um, að eignir þær, er hann átti fyrir stofnun hjúskapar við varnaraðilja, Ragnheiði Stefánsdóttur, verði taldar séreignir hans.

Skiptum á félagsbúi málsaðilja verður hagað að hætti 57. gr. laga nr. 60/1972, þannig að hvor málsaðilja heldur þeim hjúskapareignum, er hann hefur fært í félagsbúið.

Föstudaginn 18. nóvember 1983.

Nr. 270/1981. **Ríkisútvarpið**

(Eiríkur Tómasson hdl.)

gegn

Svölu Hannesdóttur

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Höfundalög. Leikstjórn á kvikmynd.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 23. desember 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. s. m. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefndu, en til vara, að kröfur stefndu, sem teknar voru til greina í héraði, verði verulega lækkaðar. Áfrýjandi krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstrétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns síns, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Með bréfi dómsmálaráðherra hinn 15. febrúar 1983 var stefndu veitt gjafvörn fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi er málsefnið einskorðað við kröfu stefndu um greiðslu vegna leikstjórnar á myndinni Ágirnd, er sýnd var í sjónvarpinu 20. febrúar 1979, enda er málinu ekki gagnáfrýjað.